



Alþingi
Erindi nr. P 127/890
komudagur 26.2.2002

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2002
Tilvísun: UB 0202/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis, dagsett 12. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.


Mótun *heildarstefnu* um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og rekstur meðferðarstofnana, er ákaflega brýn og tel ég slíka heildarstefnu nauðsynlega til að koma í veg fyrir handahófskennd vinnubrögð í þessum efnum. Sérstaklega vil ég benda á mikilvægi þess að áfengis- og vímuefnameðferð *barna og unglinga*, sé markviss og miði að því að hver og einn eigi kost á meðferð við hæfi. Samvinna þeirra aðila, er að áfengis- og vímuefnameðferð koma, er ákaflega mikilvæg og tel ég nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld, félagsmálayfirvöld, menntamálayfirvöld, sem og aðrir, er vinna að áfengis- og vímuefnameðferðum, taki höndum saman um að móta heildarstefnu í þessum málum.

Til að unnt verði að móta heildarstefnu tel ég brýnt að fram fari árangursmat á meðferðarstofnunum og þeim meðferðarleiðum, sem í boði hafa verið innan heilbrigðiskerfisins og félagsmálakerfisins. Öðruvísi verður ekki séð hvort við erum á



réttri leið í þessum efnum eða hvort hinir miklu fjármunir, er fara til þessa málaflokks nýtist sem skyldi, í þágu þeirra sem á þurfa að halda.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið styð ég framkomna tillögu til þingsályktunar og vonast til að hún hljóti samþykki á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Línadal